



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2439  
komudagur 16.5.2011

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar

Reykjavík 16. maí 2011

Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

1103023SA TP  
Málalykill: 363

### Efni: Umsögn um frv. til laga um almenningsbókasöfn - 580. mál

Vísað er til frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, sem menntamálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar.

Samband Íslenskra sveitarfélaga styður eindregið að frumvarpið verði að lögum og hvetur til þess að málinu verði lokið á yfirstandandi þingi. Löng og athugasemdalaus hefð er fyrir þeirri innheimtu almenningsbókasafna sem hérum ræðir og er því ekki um að ræða að frumvarpið muni koma fram með lagastoð fyrir nýjum eða auknum álögum.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, var ágætt samráð haft við sambandið og Reykjavíkurborg um gerð frumvarpsins. Meðal annars var skoðað hvernig haga ætti framsetningu ákvæðisins til þess að undirstrika að um er að ræða innheimtu sem styðst við fleiri en eitt sjónarmið.

Sambandið tekur undir athugasemdir sem borgarlögmaður hefur komið á framfæri við menntamálanefnd af þessu tilefni. Þar er bent á að annars vegar sé um að ræða eiginlegt (eða hreint) þjónustugjald vegna útgáfu bókasafnsskírteina og aðgangs að upplýsingum. Um þessa gjaldtöku er fjallað 1. mgr. 1. gr. frv. og er enginn vafi á því að þessi innheimta verður að vera í fullu samræmi við meginreglur íslensks réttar um lagagrundvöll þjónustugjalda. Í því felst m.a. að gjaldskrá sé öllum notendum aðgengileg og að innheimtri greiðslu sé ætlað að standa (að hluta) straum af tilgreindum þjónustupáttum. Hér er það endurgjaldssjónarmið sem liggur að baki.

Hins vegar er um að ræða ákvæði 2. mgr. 1. gr. frv. sem lúta að dagsektum vegna þess að safnkosti er ekki skilað á réttum tíma eða alls ekki. Þau sjónarmið sem liggja að baki þessari innheimtu helgast af rökbundinni nauðsyn og eru eðlilegur hluti í starfsemi hvers safns sem stundar útlán á safnkosti. Ljóst má vera að söfn halda sinna best sínu lögbundna hlutverki sínu og tryggja hæst þjónustustig ef safnkostur er eins tiltækur fyrir notendur og kostur er. Ef það hefur engar afleiðingar fyrir notanda að virða ekki skilafrest og eðlilega meðferð á því sem er að láni, má ljóst vera að safnið hefur engin tók á því að tryggja endurheimtu eða enduröflun og að safnkostur sé til reiðu fyrir aðra notendur.

Mikilvægt er að hafa í huga að þótt þessar afleiðingar fyrir notandann séu ekki á forni eiginlegs þjónustugjalds, heldur ákvarðaðar á grundvelli varnaðar- og bótasjónarmiða, gilda meginreglur stjórnsýsluréttar allt að einu



um innheimtuna og tryggja réttarstöðu notanda gagnvart hlutaðeigandi bóksafni.

Þannig er áskilið að hvert bókasafn setji reglur með formlegum hætti um álagningu dagsekta og innheimtu bóta, og að þessar reglur séu birtar notendum með aðgengilegum hætti. Með slíkum reglum er tryggt að meðalhófs sé gætt þ.e. að afleiðingar séu hæfilegur hvati fyrir notendur til að ná því markmiði að safnkosti sé skilað án þess þó að vera óhæfilega íþyngjandi fyrir þá notendur sem verður það á að fara fáeina daga fram yfir skilafrest. Hámarkskostnaður sem safn getur orðið fyrir vegna þessa þáttar safnastarfsins er kostnaður við að afla nýs safnkosts í stað þess sem ekki skilar sér enda er þak á öllum sektum sem miðast við ætlað enduröflunarverð.

Þá tryggir birting á reglum að notendur geti séð afleiðingar fyrir og með hvaða skilmálum þjónustan er veitt. Í samræmi við almennar meginreglur myndi óskýrleiki á reglum verða metinn notanda í vil. Misbrestur á birtingu reglna myndi með sama hætti koma í veg fyrir að þeim verði beitt með mjög íþyngjandi hætti gagnvart notanda.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit: Borgarlögmaður, Kristbjörg Stephensen hdl.